

2
18. jan.

milli hinna nýju hreppa. Þó er gjör sú undantekning frá nýnefndri reglu um skifting eignanna, að af því, sem hinum núverandi Hálshreppi hefir verið gefið til uppfræðslu ungmenna, sem er hálf jörðin Veturliðastaðir og hálf jörðin Brettingsstaðir, falli $\frac{1}{5}$ í hlut Flateyjarhrepps, en $\frac{4}{5}$ í hlut Hálshrepps.

3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í Flateyjarhreppi og 5 í Hálshreppi, en þær skulu síðan frankvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, sem einnig skal kveða á um fjallskil og afþjetti.

Þetta er yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgjörða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gjörð á hinum forna Hálshreppi sem dómpinghá nje manntalspinghá.

3
31. jan.

Brjef stjórnarráðsins til biskups um afleysing prestsmötu- gjalds m. m.

Samkvæmt þegnlegri tillögu stjórnarráðsins hefir hans hátign konunginum 8. f. m. allramildilegast þóknast að veita allrahæst samþykki sitt til þess, að jörðin Fróðastaðir í Hvítársíðuhreppi verði greind frá Síðumúlakirkjueigninni, og losuð við allar skyldur til viðhalds Síðumúlakirkju, svo og við prestsmötu-
kvöð þá, er á jörðinni hvílir, en að þetta hvíli framvegis einungis á jörðinni Síðumúla í sama hreppi, og ennfremur að prestsmötu-
kvöð sú, — 100 pd. af smjöri til sóknarprestisins að Gilsbakka, — er samkvæmt ofanskráðu hvílir á Síðumúlanum, verði afnumin innan 5 ára gegn 1300 kr. endurgjaldi, með því skilyrði, að því þetta ávaxtist undir umsjón biskups sem óskerðanlegur höfuðstóll, er sje eign prestakallsins, og að beneficiarius njóti vaxtanna, og ennfremur að því áskildu, að jörðin Fróðastaðir verði framvegis skoðuð sem bændaeign, að því er skatta og skyldur snertir.

Þetta er yður, háæruverðugi herra, hjer með til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til frekari aðgerða, að því viðbættu, að verði höfuðstólnum var-
ið til að kaupa fyrir veðdeildarbrjef í Landsbankanum, skulu brjefin send hingað til þess að ritað verði á þau ákvæði um, að eigi megi afhenda þau.

4 21. febr. Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um inn- flutning á svínum.

Stjórnarráðinu hefir frá forstöðumanni hvalaveiðastöðvarinnar á Tálknafirði, Olaf Fostenes, borist beiðni um, að honum verði leyft að flytja 10 grisi frá útlöndum til hvalaveiðastöðvarinnar. — Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins

í Suður- og Vesturamtinu um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 4
56 frá 10. nóv. 1905 veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum: 21. febr.

1. Að svinin sjeu frá Danmörku og flutt þaðan og komi ekki á land í öðrum löndum á leiðinni.
2. Að þeim fylgi vottorð löggilds dýralæknis í Danmörku um það, að þau hafi verið fyllilega heilbrigð, er þeim var skipað þar út, og að þau hafi ekki síðustu mánuðina þar á undan verið í sýkingarhættu af »Mund- og Klovesyge«, »Rödsyge«, »Svinepest«, »Schweineseuche« eða »Svinedifteritis«, og
3. að svinin verði flutt með skipi, sem fyrst kemur til Reykjavíkur, og nefndur dýralæknir skoði þau þar um borð á skipinu og finni ekkert að athuga við heilbrigði þeirra.

Þetta er yður, herra sýslumaður, hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að Olaf Fostenes hefir hjeðan verið tilkynt leyfi þetta.

Reglugjörð

5
30. jan.

um

breyting á reglugjörð 17. maí 1902 um notkun pósta.

1. gr.

1. málsgrein 8. greinar skal hljóða þannig:

Það eru ávísanir á peningaupphæðir allt að 100 kr., sem eru borgaðar inn á einu pósthúsi, en eiga að borgast út á öðru. Póstávisanir verða því að ganga í gegnum tvö pósthús. Póststofan í Reykjavík og allar póstafgreiðslur gefa út og borga út póstaávisanir.

2. gr.

4. málsgrein 14. greinar skal hljóða þannig:

Það, sem goldið hefur verið fyrir frímerki, borgar póststjórnin ekki aptur gegn því, að frímerkjunum sje skilað aptur; en ef frímerkin hafa ekki verið notuð og þau eru ósködduð og alveg hrein, má heimta, að höfð sjeu skipti á þeim og öðrum frímerkjum, sem hafa sama verð. Fyrir slík skipti skal borga 5% af verði frímerkjanna, brot úr eyri telst sem heill eyrir.

3. gr.

Síðustu orðin í 3. málsgrein 22. gr. »nema það beri nafn ritsins efst á síðu« falli burt.

Í stjórnarráði Íslands, 30. janúar 1907.

H. Hafstein.

Jón Hermannsson.